

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um stöðuskjal og tillögur að aðgerðum um bættu nýtingu lífrænna efna í landgræðslu og landbúnaði

Vísað er til máls nr. 63/2023 í samráðsgátt um Stöðuskjal og tillögur að aðgerðum um bættu nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu. Matvælaráðuneytið hóf árið 2022 vinnu við gerð vegvísis um nýtingu á lífrænum efnum í landbúnaði og landgræðslu og nú liggur fyrir samantekt á stöðu nýtingar lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu og tillögur meginmarkmiðum og aðgerðum sem ætlað er að nýtist við mótun stefnu og aðgerðaáætlaða fyrir viðfangsefni matvælaráðuneytisins. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið málið og meðfylgjandi gögn til umsagnar og gefur eftirfarandi umsögn.

HER telur jákvætt að stefnt sé á að bæta nýtingu lífrænna efna í áburðarskyni. Því fylgja aftur ýmsar áskoranir eins og komið er inn á að hluta í stöðuskýrslunni. Bent er á mögulega mengun vegna næringarefna, lyfjaleifa og sóttkveikja, en ekki er tekið á öllum mögulegum mengunarþáttum.

Fyrst má nefna að ekki er ávörpuð hætta á örplastsmengun. HER beinir hér athyglinni sérstaklega að seyru úr skólphreinsistöðvum en einnig svínamykju. Dæmi eru um að svínum séu gefnir afgangar úr bakaríum og plast frá umbúðum þá borist með fóðrinu í mykjuna. Hætta á örplastsmengun getur einnig verið til staðar í öðrum húsdýraáburði. Rannsóknir hafa sýnt að örplastmengun fer vaxandi og ákall um að draga úr henni eins og unnt er. Með dreifingu húsdýraáburðar sem inniheldur plastagnir er verið að auka á plastmengun í umhverfinu. Þar sem fyrirhugað er að auka notkun lífrænna efna frá landbúnaði í landgræðslu er því mögulegt að örplastmengun berist inn á viðkvæm svæði fjarri byggð sem almennt væru ekki útsett fyrir þessari mengun. Það þarf því að huga sérstaklega að því í áframhaldandi vinnu að draga úr plastmengun í húsdýraáburði til að koma í veg fyrir mengun.

HER bendir einnig á að í stöðuskýrslunni er ekki komið inn á lyktarmengun vegna dreifingar á seyru og húsdýraáburði. Hafa þarf í huga ef auka á notkun að lykt getur valdið umtalsverðu ónæði og óþægindum í nágrenni við dreifingarstað. Meta þarf slík áhrif samhliða öðrum umhverfisáhrifum dreifingar.

Loks bendir HER á að ekki er fjallað sérstaklega um möguleikann á þungmálmamengun og annari efnamengun s.s. vegna þvottaefna og olíuefna í seyru og mykju. Seyra úr skólphreinsistöðvum getur innihaldið alls kyns efni og vegna notkunar kopars og zinks sem vaxtarhvetjandi efna í sumu svínafóðri er hætta á jarðvegsmengun við notkun slíkrar mykju.

Komið er inn á mögulega sóttmengun og mengun vegna lyfjaleifa í skýrslunni en að mati HER þarf að gera þessum mengunarþáttum betri skil í áframhaldandi vinnu.

Í kafla 3.2 um stöðu nýtingar og 3.3 um forgangsöröðun á nýtingu lífrænna efna er komið inn á að mikilvægt sé að meta næringarinnihald seyru, mykju og annarra lífrænna efna frá landbúnaði með mælingum og rannsóknum. Eins og HER hefur bent á hér að ofan getur verið margvísleg mengun í þessu lífræna efni og því þarf einnig að meta annað efnainnihald. HER hvetur því til þess að farið verði í heildstæðar rannsóknir á efnainnihaldi mismunandi flokka lífrænna efna sem fyrirhugað er að nýta í áburðarskyni. Þó ávinningur af aukinni nýtingu þessa efna sé umtalsverður er einnig mikilvægt að koma í veg fyrir að slík nýting leiði til mengunar.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri